Golfklúbbur Mosfellsbæjar

Skýrsla stjórnar starfsárið 2025

Aðalfundur 1.desember 2025

Rekstur GM

Rekstur GM gekk vel á árinu líkt og undanfarin ár. Niðurstaða ársins er hagnaður upp á rúmlega 20 milljónir króna. Með styrk frá Mosfellsbæ vegna nýframkvæmda á Hlíðavelli er heildarafkoma ársins jákvæð um tæpar 26 milljónir króna. Við höfum undanfarin ár fjárfest mikið í innviðum og er sú upphæð að nálgast 300 milljónir króna. Það höfum við gert með eigin fé að langmestu leyti fyrir utan vélalán upp á rúmar 40 milljónir sem við erum langt komin með að greiða niður.

Starf stjórnar

Stjórn GM skipa eftirfarandi aðilar.

Kári Tryggvason – Formaður
Andrea Jónsdóttir - Varaformaður
Steinþór Pálsson – Gjaldkeri
Írunn Ketilsdóttir – Ritari
Arna Rún Kristjánsdóttir – Meðstjórnandi
Siggeir Kolbeinsson – Meðstjórnandi
Guðjón Karl Þórisson – Meðstjórnandi

Haldnir voru 11 formlegir og bókfærðir stjórnarfundir á árinu og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala milli stjórnarfólks.

Írunn Ketilsdóttir hefur nú ákveðið að stíga til hliðar úr stjórn GM en hún hefur tekið sæti í stjórn Golfsambands Íslands. Við fögnum því að Írunn hafi gefið kost á sér þar, því mikilvægt er að GM eigi fulltrúa í stjórn golfsambandsins sem þriðji stærsti Golfklúbbur landsins.

Þökkum við Írunni kærlega fyrir sitt starf síðastliðin 8 ár og við vitum að hún á eftir að standa sig vel á nýjum vettvangi.

Vallarsvæðin

Það má segja að sumarið hafi verið alveg stórkostlegt, vorið var okkur gott og við opnuðum inn á vallarsvæðin snemma, Hlíðavöll 28. apríl og Bakkakot þann 1. maí. Það er óhætt að fullyrða að bæði vallarsvæðin hafi verið mjög góð þegar við opnuðum og verið í topp standi í allt sumar. Það er ekki sjálfgefið að gæðin séu svona mikil og getum við verið virkilega stolt af því. GM er með virkilega öflugt og flott lið vallarstarfsmanna sem vinna undir öruggri handleiðslu Bjarna yfirvallastjóra

Það voru spilaðir rúmlega 86.000 hringir á báðum vallarsvæðum í sumar sem er aukning upp á rétt tæplega 16.000 hringi frá því í fyrra. Veðrið var ótrúlega gott og því mikið um golf auk þess sem opið var í talsvert fleiri daga en sumarið 2024.

Við leggjum mikinn metnað í báða okkar velli þegar kemur að viðhaldi og við sjáum það í viðhorfskönnunni sem við sendum út árlega að félagsmenn eru virkilega ánægðir með bæði vallarsvæðin. Það er gaman að sjá þá aukningu á spili sem heldur áfram að aukast í Bakkakoti. Nýju brautirnar eru flott viðbót sem gerir mikið fyrir svæðið.

Félags og íþróttastarf

Félagsstarfið heldur áfram að blómstra, það er aukning í öllum flokkum og þátttaka í meistaramóti aldrei verið meiri og er það til marks um þann góða anda sem hér ríkir. Það er frábær þátttaka í kvennastarfinu, 65+ starfið heldur áfram að stækka og er það starf til mikillar fyrirmyndir sem eftir er tekið. Stjórn vill þakka öllum sjálfboðaliðum sem fara fyrir þessu starfi kærlega fyrir þeirra óeigingjörnu vinnu.

Íþrótta og afreksstarfið hefur gengið virkilega vel og í ár eignuðumst við fjóra Íslandsmeistara. Við erum virkilega stolt af okkar fólki sem halda merkjum GM á lofti. Í skýrslu íþróttastjóra sem kemur hér á eftir er farið yfir helstu sigra og árangur í sumar. Það hefur einnig orðið mikil aukning í fjölda kylfinga sem æfa hjá GM og í ár er sá fjöldi að nálgast 200 sem stunda skipulagðar æfingar.

Í skýrslu stjórnar sem finna má á heimasíðunni er nánari upplýsingar um allt okkar starf og hvet ég ykkur til þess að skoða hana.

Félagafjöldi

Félögum í GM fjölgaði á árinu og taldi í lok sumars 2.480 meðlimi.

Aukning er um rúmlega 200 kylfinga frá því í fyrra og teljum við okkur vera á réttum stað hvað varðar fjölda meðlima. Þessi aukning skýrist nánast að öllu leyti af auknum fjölda kylfinga undir 18 ára aldri sem og aukinni aðsókn að aðild í Bakkakoti. Það er mikilvægt að aðgengi að rástímum sé gott og kom það bersýnilega fram í viðhorfskönnunni að meðlimir GM eru heilt yfir ánægðir með aðgengi að rástímum.

Veitingasala og íþróttamiðstöðin okkar

Reksturinn er farinn að ganga betur og kylfingar verið duglegir að setjast niður fyrir eða eftir hring í klúbbhúsunum. Við höldum áfram að vinna í endurbótum á golfskálanum í Bakkakoti auk þess sem við opnuðum í byrjun sumars glæsilegan garðskála við hlið klúbbhúsins. Nú í vetur er áætlað að skipta um golfefni í golfskálanum auk þess sem hann verður málaður ásamt ýmsu öðru viðhaldi. Það hefur gengið vel á Blik og erum við ánægð með þá þróun sem hefur átt sér stað þar, við höldum að sjálfsögðu áfram í því að efla rekstur og þjónustuna þar til handa okkar meðlimum. Í vor tókum við í notkun glæsilega setustofu í litla salnum. Þar er nú þægilegt að tilla sér í þægilega sófana fyrir eða eftir leik.

Notkun íþróttamiðstöðvarinnar á neðri hæðinni í Klett hefur tekið stakkaskiptum eftir að við bættum við golfhermum. Hermarnir eru í notkun frá morgni til kvölds alla daga og er frábært að sjá hversu mikil notkun hefur verið á aðstöðunni þar. Þar er einnig hægt að æfa púttin og slá í net. Áður en við bættum við hermum var aðstaðan okkar því miður ekki mikið notuð og það kom skýrt fram í viðhorfskönnun okkar að ósk GM félaga var að bæta við hermum. Það er því virkilega gaman að sjá hversu vel okkar aðstaða er nýtt og þá sérstaklega yfir vetrarmánuðina.

Hlíðavöllur og Bakkakot – framtíðarhorfur

Í fyrra sagði ég frá því að samkomulag við Mosfellsbæ hefði náðst um aukið landsvæði inn Leiruvoginn og var Edwin Roald golfvallar arkitekt fenginn til liðs við okkur til þess að klára öll skipulagsmál sem og að hanna nýjar brautir. Þetta hefur verið langt og strangt ferli sem við sjáum núna fyrir endan á. Er það okkar von að við getum hafist handa við framkvæmdir á vormánuðum. Við höfum einnig átt í góðu samtali við Landey eiganda Blikastaðalandsins um samvinnu við efnisflutninga. Við horfum til þess að það samkomulag tryggi uppbyggingu eldri hluta vallarins. Við munum vonandi geta fært ykkur fleiri og þá nákvæmari fréttir af þessu á allra næstu vikum. En það má með sanni segja að það eru spennandi tímar er varða uppbyggingu Hlíðavallar framundan.

Framkvæmdir við breytingar á Bakkakoti héldu áfram í sumar og við opnuðum undir lok sumars inn á nýjar brautir. Það er óhætt að fullyrða að þær breytingar hafi tekist virkilega vel og það var gaman að fá þessi ótrúlega jákvæðu og góðu viðbrögð okkar félaga við þessum breytingum. Næsta sumar munm við einbeita okkur að því að fullklára og snyrta í kringum þessar nýju brautir ásamt því að fylla í grunninn þar sem ný 8. flöt verður. Það er mikilvægt að fá efni þar inn í vor til þess að láta það standa í góðan tíma áður en hafist verður handa við uppbyggingu flatarinnar. Einnig munum við fara í teigagerð á 7. og 8. braut.

Æfingasvæði Golfklúbbs Mosfellsbæjar

Það kemur bersýnilega í ljós í viðhorfskönnunum að félögum í GM er farið að lengja eftir yfirbyggðu æfingasvæði á Hlíðavelli. Það hefur alltaf verið og er ennþá stefna stjórnar að fara í slíka uppbyggingu. Við þurfum að forgangsraða þeim verkefnum sem við förum í og það er okkar skilda að fara vel með fjármuni klúbbsins. Nú erum við komin á góðan stað hvað varðar vélaflotann sem og að Klettur er fullkláraður og stendur fyrir sínu. Við höfum því farið af stað í undirbúning á því að byggja glæsilegt æfingahúsnæði sem mun sóma sér vel á þeim stað sem æfingasvæðið okkar er á í dag. Þar erum við að horfa til þess að hafa glæsilega heilsárs aðstöðu með bæði Trackman golfhermum sem og Trackman range. Ásamt því munum við þá fá Hlíðavöll inn í Trackman sem er mikið fagnaðarefni. En þetta er stórt og mikið verkefni og vinnan á frumstigi, en við bindum vonir við að geta sagt ykkur meira frá þessu fljótlega.

Einnig viljum við enduropna æfingasvæðið í Bakkakoti en í annarri mynd en áður. Þar sjáum við fyrir okkur glæsilegt stutta spils æfingasvæði þar sem hægt verður að æfa golfhögg allt upp í 100 metra þar sem slegið er inn á glæsilega flöt.

Saga Golfklúbbs Mosfellsbæjar

Golfklúbbur Mosfellsbæjar stendu á ákveðnum tímamótum núna.

Þann 7. desember 1980 voru tveir stórhuga menn sem stóðu fyrir stofnum Golfklúbbsins Kjölur.

7. desember næstkomandi eru 45 ár frá stofnun klúbbsins

Þetta voru þeri Georg Tryggvason og Örn Höskuldsson. Þeir félagar kynntust í laganámi við Háskóal íslands. Eftir nám fluttist Georg til Vestmannaeyja og starfaði sem bæjarlögmaður og kyntist þar golfinu. Örn hóf störf hjá Sakadómara í Reykjavík og var dregin í golf í Nesklúbbnum. Þeir heilluðust báðir of þessu dásamlega sporti. Þeir fluttust svo í Mosfellsbæin 1973 og spilaði eldgosið í eyjum þar stórt hlutverk.

Þeir fóru fljótlega að svipast um eftir landi og aðstöðu fyrir golfvöll og skoðuðu meðal annars Ullarnes-brekkurnar, skógræktarstöðina að Mógilsá og svæði inni í Dal. En árangurinn varð lítill. Það virkaði einfaldlega ekki nógu vel að tveir lögfræðingar væru sprangandi um sveitir í leit að landi fyrir golfvöll. Það skorti fjöldann að baki og þar með pólitískan þunga. Örn og Georg fóru því að ræða golfáhuga sinn við fleiri sveitunga og fljótlega fjölgaði í hópnum. Úr varð að sex einstaklingar tóku sig saman og undirbjuggu stofnfund golfklúbbs.

Þann 7. desember 1980 var haldinn stofnfundur golfklúbbs Kjalar á veitingastaðnum Áningu sem þá var staðsettur við Vesturlandsveg. Til gaman má geta þess að veitingastaðurinn var í sama húsnæði og í dag hýsir Hlín Blómahús. Húsnæðið er að mestu óbreytt og stendur enn á sama stað, en Vesturlandsvegur hefur verið færður.

Á stofnfundinn mættu nokkrir tugir sveitunga og það var hugur í fólki. Hér að neðan er endurritun á fyrsta hluta fundargerðar stofnfundarsins (sjá texta innan gæsalappa):

“1. fundur um stofnun golfklúbbs í Mosfellssveit, haldinn 7.12.1980, í veitingastofunni Áning h.f. við Vesturl.v. Til fundarins var boðað að loknum nokkrum óformlegum undirbúningsfundum eftirfarandi aðila:

- *Örn Höskuldsson Arnartanga 27*
- *Georg Tryggvason Arnartanga 32*
- *Gísli Halldórsson Arnartanga 43*
- *Sigrún Ragnarsdóttir Arnartanga 43*
- *Einar V. Tryggvason Miðdal*
- *Hilmar Sigurðsson Ásholti 3*

Fyrsta stjórn klúbbsins kjörin þannig: Formaður klúbbsins var kjörinn Örn Höskuldsson. Aðrir í stjórn voru kjörnir Georg Tryggvason, Einar V. Tryggvason, Sigrún Ragnarsdóttir, Gísli Árnason, Hilmar Sigurðsson og Vala Jakobsdóttir

Eftir stofnfundinn var farið af stað með að finna land og semja við Hreppsnefnd Mosfellssveitar. Samningar náðust 1983 og samþykkt að leigja klúbbnum endurgjaldslaust svæði sem fékk nafnið Hlíðarvöllur. Þar með hófst uppbygging á framtíðarlandi fyrir golfvöll í Mosfellsbæ, en það liðu þrjú ár þar til unnt var að hefja iðkun golfs á Hlíðarvelli. Vígslumót Hlíðarvallar var haldið 28. júní 1986 og viku síðar, þann 5. júlí 1986, var haldið vígsluhóf í golfskála klúbbsins. Það verða því mikilvæg tímamót sumarið 2026 þegar liðin verða 40 ár síðan farið var að spila golf á Hlíðarvelli.

Fjöldi fólks lagði hönd á plóginn við að byggja 9 holu golfvöll. Af meðlimum klúbbsins má þó nefna Steina Ragg sem um árabil hýsti frumstæðan tækjabúnað klúbbsins í bílskúrnum hjá sér og hélt tækjunum gangandi með útsjónasemi og natni. Smiðurinn Eddi leiddi vinnuna við að umbreyta ónýtum sumarbústað í golfskála. Georg hafði komið að endurbyggingu golfbrautar í Vestmannaeyjum eftir gos og fékk það hlutverk að leiða uppbyggingu vallarins. Örn varð fljótt frægur fyrir hægri höndina, sem tryggði klúbbnum hagstæða samninga þegar sækja þurfti aðkeypta vinnu eða aðföng og greiða lítið fyrir.

Fjölmargir utan klúbbsins áttu einnig eftir að skipta sköpum fyrir klúbb sem hafði mikinn metnað en lítið fjármagn. Má þar nefna Pál í Brautarholti sem lánaði ýtu og annan tækjabúnað, Svein landgræðslustjóra sem útvegaði fræ og áburð, og Guðjón í Seljabrekku sem lánaði þökuskurðarvél.

Að endingu voru það klúbbfélagar sjálfir, fjölskyldur þeirra og vinir sem gerðu drauminn að veruleika og það er þeim að þakka að sumarið 1986 var byrjað að spila golf á Hlíðarvelli.

Við eigum þessum heiðursmönnum mikið að þakka fyrir þrautsegju og elju.

Svo er gaman frá því að segj að Golfklúbbur Bakkakots var stofnaður 15. Juní 1991 svo á næsta ári eru 35 ár frá stofnun hans. GKJ og GOB sameinuðust í GM í 13 desember 2014.

Lokaorð

Nú er enn einu skemmtilegu ári að ljúka hjá okkur í GM. Við höldum áfram með þá miklu uppbyggingu sem við fórum af stað með í byrjun árs 2020. Við höfum í gegnum árin verið með reglulega skoðanakannanir og þar fáum við mikið af góðum hugmyndum/tillögum frá ykkur sem við kunnum virkilega vel að meta.

Í síðasta mánuði var okkar árlega GM ferð sem var að þessu sinni farin til Valle del Este, þar voru 80 hressir GM félagar með í för. Vikuna áður voru 72 GM félagar úr hópi 65+ snillinganna einnig á Valle del Este. Það voru því 152 kylfingar í golfferðum á vegum GM í haust og sýnir það hversu vel félagsmenn taka þátt í starfi okkar sem gerir kröftugt GM golfsamfélag að veruleika

Það eru forréttindi fyrir okkur GM félaga að hafa tvo flotta en mjög svo ólíka golfvelli sérstaklega þegar við horfum til þess í hversu góðu standi þeir hafa verið í sumar. Við leggjum jafn mikla áherslu á báða okkar velli og hlökkum við til þess að halda þeirri vinnu áfram og sjá þá og umgjörðina í kringum þá eflast og dafna. Við erum ávallt að reyna að gera betur og munum að sjálfsögðu halda því áfram.

Rekstrarniðurstaða ársins er virkilega ánægjuleg, við höldum áfram að styrkja okkar innviði og það er okkur mikils virði að geta haldið þeirri vinnu áfram án þess að taka til þess frekari lánveitingar. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að skuldir GM er talsverðar sem er tilkomið vegna bæði sameiningar GKj og GOB ásamt bygging okkar glæsilegu íþróttamiðstöðvar. En það er erfitt að fara af stað í svona mikla uppbygginu án þess að til komi skuldir. Verðbólgan hefur verið talsverð og haft áhrif á skuldastöðuna, en við horfum björtum augum til framtíðar og stefnum á það fljótlega að greiða þær hraðar niður. Staða GM er sterk og rekstrargrundvöllur er virkilega góður. Við horfum björtum augum fram veginn og erum full tilhlökkunar, því framtíð GM er björt.

Stjórn GM vill sérstaklega þakka öllum þeim sjálfboðaliðum fyrir þeirra framlag sem er gríðalega mikilvægt. Einnig viljum við þakka þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem styrkja okkar góða starf, kærlega fyrir samstarfið.

Ég vil svo þakka stjórn fyrir ánægjulegt og gott samstarf.

Að lokum viljum við svo þakka okkar góða starfsfólki fyrir einstaklega gott samstarf á á árinu.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbs Mosfellsbæjar.

Kári Tryggvason, formaður.

Skýrsla kvennanefndar

Takk kæru vinkonur fyrir að vera svona duglegar að taka þátt í kvennastarfinu okkar og gera það svona skemmtilegt. Það var margt og mikið brallað saman í sumar og erum við nefndin virkilega ánægðar með starfið og þátttökuna í ár. Einnig þökkum við styrktaraðilum okkar kærlega fyrir stuðninginn og þá sérstaklega Golfklúbbi Mosfellsbæjar, því án hans þá væri þetta flotta kvennastarf ekki mögulegt.

Dagskrá kvennastarfs GM hefur verið fjölbreytt í vetur og sumar:

Golfhermamót - vetrarstarf

Starfið hófst með 2 golfhermamótum í Golfklúbbi Mosfellsbæjar í febrúar og mars. Fyrirkomulagið var þannig að fyrstu rástímar í alla hermana voru kl. 9.00 og seinni rástímar 12:30. 40 þátttakendur tóku þátt í hvort skipti og spilaðir voru Grafarholtsvöllur og Leirdalurinn. Verðlaunaafhending fór svo fram að loknu móti og voru veitt verðlaun fyrir 1. til 3. sæti, lengsta drive og næst holu.

Vorfagnaður

Kvennanefndin bauð aftur til vorfagnaðar "Vertu velkomið golfsumarið 2025". Þar komu GM konur saman og áttu skemmtilega kvöldstund. Boðið var upp á fordrykk og létta smárétti að hætti Blik Bistro, dagskrá golfsumarsins 2025 kynnt og nýjar GM konur boðnar velkomnar. Katrín Dögg Hilmarsdóttir PGA kennari kom og kynnti fyrir okkur sumarnámskeið og kennslu sem GM býður upp á yfir sumartímann. Cutter & Buck mætti svo til okkar og voru með pop up verslun og buðu GM konum upp á flottan fatnað og vörur á frábæru verði. Einnig var dregið úr seldum miðum nokkrir happdrættisvinningar. Þetta var skemmtilegt kvöld og gaman að hittast í upphitun fyrir komandi golfsumar.

Regluleg þriðjudagsspil

GM konur eiga frátekna rástíma alla þriðjudaga frá maí til lok ágúst á milli kl 17 og 18.30 þegar spilað er í Bakkakoti og frá kl. 17-18 á Hlíðavelli þegar við spilum þar. Skráning í þriðjudagsspil og mót fer fram í gegnum golfboxið og er mikil eftirspurn eftir þeim tímum og fyllast tímar að jafnan hratt. Ljóst er að með fjölgun kvenna í GM mætti skoða að fjölga rástímum í takt við þá þróun. Við tókum þá ákvörðun að halda áfram að rukka kr. 1000 fyrir litlu mótin sem voru haldin yfir sumarið til að eiga sjóð fyrir flotta vinninga á mótum GM kvenna yfir sumarið og niðurgreiða kostnað í lokamótið.

Púttmót - telja púttin

Að þessu sinni héldum við 2 púttmót, sem gengur út á að telja púttin en ekki höggin eins og við gerum venjulega. Frábær leið til að leggja sérstaka áherslu og fókus á púttin sem við viljum allar fækka til að lækka skorið! Þarna skiptir stutta spilið bara máli og þá þarf að leggja spilið þannig upp að ekki fara alveg inn á flötina strax því að púttin voru einungis talin. Óhætt að segja að keppnisskapið kom upp í okkur flestum.

Texas scramble - 4 manna

Við héldum eitt 4 manna Texas scramble mót. Fer leikurinn þannig fram að allir slá högg af teig, síðan velja þeir þann bolta sem þeim þykir vera í bestu stöðu og slá allir boltann þaðan. Þeir sem eiga þá bolta sem kylfingunum þykir lakari færa því sína bolta að bolta félaga síns. Sá sem átti besta boltann slær yfirleitt á undan og hinir á eftir. Eftir þau högg endurtekur ferlið sig allt þangað til boltinn er kominn í holuna. Það er alltaf gaman að spila Texas scramble því allir geta tekið þátt sama á hvaða stigi þeir með forgjöfina.

Vinkvennamót GKG á Hlíðavelli

GKG konur byrjuðu á því að koma til okkar á Hlíðavöll. Fyrirkomulagið er þannig að það eru 2 GM konur og 2 GKG konur í hverju holli. Í ár var mikil ásókn í mótið og komust færri að en vildu. Við

spiluðum í blíðskaparveðri á Hlíðavelli og svo var verðlaunað fyrir mótið úti á svölum Blik. Veitt voru glæsileg verðlaun fyrir 1. til 3. sæti, 1. sæti í höggleik sem og nokkur útdráttarverðlaun. GM konur fóru síðan í Leirdalinn til GKG kvenna í ágústmánuði, einnig í blíðskaparveðri þar sem GKG konur tóku einstaklega vel á móti okkur með teig gjöfum frá Balmain, flottum verðlaunum og útdráttarverðlaunum.

Pilsa og hattamót, Cutter & Buck

Það var svo skemmtilegt að sjá allar konurnar okkar í kjólum/pilsum og með hatta að spila golf. Reglurnar voru einfaldar, kjóll/pils og hattur og það mátti ekki vera hefðbundinn golffatnaður sem gerði þetta aðeins erfiðara því að það getur verið erfitt að spila golf í kjól eða pilsi. Stórskemmtilegt mót í ágætu veðri í Bakkakotinu okkar. Cutter & Buck lagði til flott verðlaun í mótinu auk afsláttarkóða í verslun þeirra.

Hefnd nefndarinnar

“Hefnd nefndarinnar” hljómar svo skemmtilega. Í þessu móti voru ýmsar þrautir lagðar á brautirnar, til að nefna nokkrar þrautir: rétthent kona þurfti að taka upphafshögg með örvhentri kylfu og síðan öfugt, upphafshöggið á einni braut þurfti að taka með barnadriver, á einni braut þurfti að taka Happy Gilmore sveiflu í upphafshöggi - það var mjög skemmtilegt og þurftu konur að telja öll vindhöggin sem komu út frá þeirri flottu sveiflu.

Haustferð – lokahóf

Hin árlega haustferð GM kvenna var að þessu sinni á Brautarholtsvelli á Kjalarnesi. Margar hverjar voru að spila völlinn í fyrsta skipti og aðrar að prufukeyra nýju 6 holur vallarins þar sem völlurinn státar nú af 18 holum.
Við nýttum sjóðinn okkar frá sumrinu til þess að greiða niður haustferðina og gátum við því niðurgreitt kr. 3000 pr GM konu í lokamótið og var því mótsgjaldið 9.500 kr.

Við spiluðum í allskonar veðri; sól, roki og úrhelli, en sem betur fer var ekki of kalt og mótið gekk vel fyrir sig. Rástímar voru milli kl 9:10 og 12:10. Síðan hittumst við á Blik kl 19 og þar beið okkar aðalréttur og dessert að hætti Blik. Þar voru veitt verðlaun fyrir bæði höggleik og punktakeppni, lengsta drive, nándarverðlaun auk fyrirfram ákveðinna sætis verðlauna(útdráttarverðlaun). Samtals vorum við með um 28 verðlaun **og þökkum við sérstaklega þeim félagskonum sem gátu lagt til verðlauna, það er ómetanlegt**.

Við kvöddum 3 nefndarkonur, Kolbrúnu Klöru, Rakel Lind og Þóru H. Passauer.
Við erum búnar að eiga yndislegt samstarf saman og buðum margar nýjar nefndarkonur velkomnar þær Lindu Björk, Veru, Margréti, Írisi Evu, Guðbjörgu Elínu og Lilju Björk og hlökkum mikið til samstarfsins með þeim.

Að lokum viljum við þakka fyrir okkur og ykkur í sumar, án ykkar kæru GM konur væri ekki til kvennanefnd GM.

Knús & kossar

Kvennanefndin 2024-2025

Lena Ýr

Kolbrún Klara
Rakel Lind
Þóra H. Passauer

Skýrsla öldungastarfs 65+

GM 65+ snillingar eru nú á sínu fjórða starfsári og óhætt að segja að starfsemin sé í fullum blóma. Um 380 kylfingar eru virkir þátttakendur í öflugu starfi 65+ hópsins sem hefur fest í sessi viðburði flesta miðvikudagsmorgna allt árið um kring. Þátttakendur á hverjum viðburði eru á bilinu 70 – 100 manns.

Hefðbundin dagskrá er á sumrin: Mótaröð 65+ á Hlíðavelli, leikir og spil á Hlíðavelli og Bakkakoti, vinamót GM og GKG þar sem spilað er heima og að heiman, 4 vinaferðir og svo rúsínan í pulsuendanum ömmu og afadagur í Bakkakoti. Þá bjóðum við 15 ára og yngri börnum klúbbsins að spila með ömmu og afa í Bakkakoti. Ef þau eiga ekki ömmu og afa sem spila golf tökum við börn „í fóstur“. Eftir golfhring er pylsupartí.

Helstu viðburði í ár má nefna t.d. mjög vel heppnaða dagsferð til Vestmannaeyja þar sem 94 GM 65+ snillingar fóru með rútu snemma morguns, spiluðu golf í Eyjum og borðuðu góðan mat áður en þeir héldu heim á leið síðla kvölds. Allir voru einstaklega ánægðir og sælir með daginn. Auk ferðarinnar til Eyja var farið í dagsferðir til Þorlákshafnar, á Kiðjaberg og Flúðir.

Ferðagleðin var svo toppuð þegar 72 GM 65+ snillingar fóru í haustferð til Valle del Este ... en því miður komust færri að en vildu. Úr því verður bætt næsta haust þar sem GM 65+ nefndin er búin að ganga frá samningi við VITA um ferð í október til Islantilla fyrir 100 manna hóp GM 65+ snillinga og verður þá vonandi pláss fyrir alla.

Að loknu októberfríi fór nefndin af stað með vetrarstarfið sem að sjálfsögðu er alla miðvikudagsmorgna í klúbbhúsinu okkar. Hefðbundin dagskrá er: púttmótaröð, lengdarmót í golfhermum, næst miðju drive keppni, golfhermakennsla fyrir byrjendur, fettur og brettur (2x30 mínútna leikfimi). Auk þessa er boðið upp á ýmsa fyrirlestra sem tengjast m.a. menningu, heilsu, öldrun og golfi, félagsvist, bingó og svo auðvitað félagslega samveru á BLIK með kaffi og meðlæti.

Almenn ánægja og gleði er með viðburði og dagskrá GM 65+ hópsins og vill nefndin færa sérstakar þakkir til klúbbsins og alla þá hjálp sem Ágúst, Hlín og þjálfarar klúbbsins hafa veitt okkur – sú hjálp er ómetanleg og við gætum þetta ekki án ykkar.

Formaður GM 65+ nefndar,

Hrefna Birgitta Bjarnadóttir

Skýrsla mótanefndar

Síðastliðið sumar var hefðbundið þegar kom að mótahaldi. Þetta er að mestu mjög líkt á milli ára og erum við orðnir nokkuð sjóaðir í því að halda mót á okkar völlum. Fyrsta mótið okkar er að venju Opna ECCO þar sem þátttakan var mjög góð og var í fyrsta sinn spilað eftir Greensome fyrirkomulaginu sem tókst virkilega vel.

Stærsta opna mótið okkar líkt og áður var Pallaopen og það er alltaf jafn gaman að taka þátt í því móti. Í ár voru þátttakendur 244 og tókst okkur að safna rétt um 4 milljónum króna til styrktar sumarbúðanna í Reykjadal. Það er gaman að sjá hversu vel okkar félagar mæta í þetta mót og gleðin skín af öllum andlitum.

Það er alltaf tilhlökkun þegar að meistaramótið okkar byrjar og á því var engin breyting í ár. Metþátttaka var í mótinu og það skemmta sér allar virkilega vel. Veðrið var heilt yfir virkilega gott sem eykur á upplifun kylfinga.

Önnur mót sem við héldum voru Íslandsmót kvenna og karla í holukeppni og voru bæði þessi mót spiluð á sama tíma og tókst það virkilgea vel., Íslandsmót unglinga í holukeppni ásamt Alþjóðalega unglingamótinu okkar voru einnig leikin á Hlíðavelli Í Bakkakoti var haldið skemmtilegt nýliða og háforgjafarmót. Það er virkilega skemmtilegt mót og við munum klárlega halda því áfram. Svona mót eru vel til þess fallin fyrir kylfinga til þess að stíga sín fyrstu skref í keppni.

Við vonumst svo sannarlega til þess að veðurfarið verði okkur hagstætt næsta sumar og við eigum eftir að sjá ykkur í mótum á okkar vegum næsta sumar.

Við í mótanefnd, Snorri, Viddi, Helgi og Felix þökkum kærlega fyrir sumarið.

Mótanefnd.

Skýrsla vallastjóra

Hlíðavöllur og Bakkakot voru opnaðir 27. apríl á vinnudegi. Opinber opnun vallanna varð svo 28. apríl. Við lokuðum Hlíðavelli 20 október. Samtals voru þetta því 177 dagar sem völlurinn var opin þetta árið.

Ástand vallarins var mjög gott eftir veturinn heilt yfir. Það mikilvægasta var að flatirnar voru í mjög góðu ástandi og voru fljótt komnar í sitt best stand. Þurrt var í maí og júní og hiti vel yfir meðaltali. M.a. var maí mánuður með meðalhita upp á 9.2° C sem er um 2° C yfir meðallagi. Mikið golf var leikið á völlum klúbbsins á þessum tíma.

Veður hélt áfram að vera yfir meðallagi í hita. Um miðjan ágúst fór að rigna töluvert og mikið um óvenju mikinn rigningar þunga. Rigningar héldu áfram út allan september og eitthvað inn í Október. Þannig rigndi t.d. 149 mm á Hlíðavelli í September, en aðeins 138 mm samtals í maí, júní og júlí. Rigningar gerður okkur erfitt fyrir og var farið að sjá á nokkrum svæðum sem voru mjög blaut.

Rigningar drógu ekki úr áhuga kylfinga á golfi að neinu ráði. Heildar fjöldi spilaðra hringja á Hlíðavelli voru um 47.000 hringir og um 36.000 hringir í Bakkakoti. Þetta telst óhemju mikið golf, þá sérstaklega þegar við skoðum leikna hringi per dag. Til samanburðar má geta þess að Old Course í St. Andrews er með um 50.000 hringi ári en er opin í kringum 280 daga, eða rúmum 100 dögum lengur en við. Pebble Beach sem er opinn fyrir almenning og gríðarlega vinsæll völlur, sér um 60.000 hringi á ári og er opin um 340-350 daga.
Við finnum verulega fyrir þessari miklu aukningu í spilun á völlunum. Sérstaklega erfið svæði eru göngusvæði á grasi þar sem öll traffík þrengist niður á lítið svæði, t.d. Þar sem gengið er út af göngustígum. Teigar verða vel fyrir barðinu á þessu álagi, og má hvergi slá slöku við í að fylla í kylfuför með sandi og fræjum. Aukin áburðargjöf á þessi svæði er fylgifiskur slíks álags.

Ljóst er að í framtíðinni munum við þurfa að endurbyggja öll göngusvæði á vellinum til að geta tekið við þessu álagi. Einnig hefur þetta í för með sér að það verði mjög erfitt að hleypa umferð um völlinn að vetri sem hluta af vetrargolfi, þar sem þessi svæði eru verulega veik á leið inn í veturinn sem getur leitt af sér tjón með tímanum. Það verður þó að teljast jákvætt vandamál að landsmenn hafi jafn mikinn áhuga á íþróttinni sem raun ber vitni. Við munum reyna að tækla þetta verkefni af bestu getu til að tryggja að kylfingar komist í golf sem oftast ár hvert.

Starfsmenn

Felix vallarstjóri Hlíðavallar ákvað að snúa heim aftur til Þýskalands snemma á árinu. Kunnum við honum miklar þakkir fyrir störf sín fyrir klúbbinn. Í stað hans réðum við Birkir Má Birgisson í vallastjóra stöðuna. Birkir er mikill reynslubolti í faginu, hefur 30 ár starfsreynslu.

Í heilsárs liði vallarstarfsmanna voru Bjarni Þór Hannesson yfirvallarstjóri, Óli Þór Júlíusson vallarstjóri Bakkakots vallar, Kolbrún Irma Hreiðarsdóttir garðyrkjumeistari (sem fór í fæðingarorlof í október) og Pétur Leó Hrannarsson vélamaður. Við endurheimtum Pétur frá Muirfield Village, golfvelli Jack Nicklaus í Ohio í USA, þar sem hann starfaði í eitt ár. Í lok október sagði svo Pétur upp

störfum til að taka við starfi yfir vélamanns á stór glæsilegum Mid Ocean Golf Club á Bermúda eyjum. Spennandi tímar framundan hjá Pétri okkar. Við þökkum honum fyrir góð störf, en hann hóf ferilinn sinn hér sem táningur í sumarvinnu fyrir margt löngu síðan.

Að vanda unnu hjá okkur fjórir heldri meðlimir klúbbsins sem unnu 3-4 daga í viku og unnu á stærri sláttuvélum flotans. Það voru þeir Kjartan Ólafsson, Þorkell Einarsson, Hilmar Harðarson og Björn Morthens.

Í Bakkakoti störfuðu Hafsteinn Hafsteinsson og Eyþór Hrafna Ketilsson í sumar. Eyþór vann að mestu í framkvæmdum í Bakkakoti, en einnig á Hlíðarvelli þegar stærri verkefni voru í gangi. Eyþór var svo í lok árs bætt í heilsárs lið klúbbsins, enda búist við miklum framkvæmdum á næstunni.

Sumarstarfsmenn á Hlíðavelli voru 8 talsins, þau: Heimir Enesson, Hrafn Hjartarson, Arnór Martin Kristinsson, Rakel Tinna Gunnarsdóttir, Rakel Dórothea Ágústsdóttir, Róbert Farley, Ásþór Sigur Ragnarsson og Kristján Karl Guðjónsson.

Framkvæmdir í Bakkakoti og opnun nýrra hola

Mikið var um framkvæmdir í Bakkakoti á árinu, enda verið að opna tvær nýjar holur. En að auki var farið í að koma fyrir klósett aðstöðu fyrir aftan 6. flöt. Þar sem grafa þurfti fyrir bæði vatni og rafmagni, var tækifærið notað og lagt vökvunarkerfis lögn að 6. flöt, meðfram 4. teigum og yfir vegin að 7. teig. Einnig var lagt rafmagn úr rafmagnskassa á Mosfellsvegi við Brekkukot. Komið var fyrir tenglum fyrir róbota sláttuvélum fyrir aftan 6. flöt og við 7. teig. ásamt því að tengja klósett við rafmagn. Teknir voru í notkun 3 slátturóbotar. Strax á næsta ári ætti um 90% af röffum og brautum að vera slegnar af róbotum sem mun gefa starfsmönnum meiri tíma í að sinna snyrtingum og öðrum mikilvægum verkefnum sem stundum þurfa að sitja á hakanum til að hægt sé að klára slátt á þessum stóru svæðum.

Göngustígur við 6. teiga var lagður torfi þar sem að hann átti það reglulega til að skolast að hluta í burtu í leysinga flóðum á veturna. Komið var fyrir vökvunarkerfi í stígnum til að auðvelda allt viðhald. Einnig var tengt sjálfvirkt vökvunarkerfi í báða teigana á 6.

Aðrar framkvæmdir á vellinum snerust að opnun nýju fyrstu og annarrar holu. Hreinsun á skurði, viðbótar drenum komið fyrir, tröppum upp á 2. teig og brú yfir skurð á milli holanna, tröppur og hellulögn við fyrsta teig sem tekin verður í notkun snemma næsta sumar ef eitthvað er nefnt.

Framkvæmdir á Hlíðarvelli

Í vor kláruðum við frágang við drenun á forflötinni við 10 flöt. Skurður var grafin frá göngustíg að skurðinum hægra megin við flötina. Sett voru niðurföll í lægstu punktum þar sem vatn safnaðist í polla við minnstu rigningar. Framkvæmdin tókst afskaplega vel, lítil ummerki voru eftir framkvæmdina og pollamyndun lítil sem engin.

Umhverfi 4. flatar tók miklum stakkaskiptum. Mikill og endurtekin gras dauði umhverfis flötina var vandamál. Mikið rýgresi var á svæðinu, sem þoldi illa vetrar aðstæður. Í stað þess að sá í umhverfið, var ákveðið að tyrfa. Í leiðinni var hóll hægra megin við flötina fjarlægður til að auðvelda umferðarstjórnun við flötina. Fjórar glompur voru byggðar til að grípa bolta vinstra megin við flötina sem voru að skjótast áfram inn á 8. teig. Aðgerðin tókst vel og var keyrð í gegn á einni viku.

Teigar á 6. og 7. holu voru sléttaðir, lagt í þá sjálfvirkt vökvunarkerfi og sáð í þá. Teigurinn á 6. holu hefur verið erfiður í viðhaldi, m.a. vegna grastegundar sem tekið hefur yfir á teignum sem þolir illa vetrar aðstæður. Einnig var teigurinn mjög ósléttur. Ákveðið var að taka aftari hluta teigsins í þessari atrennu og slétta hann. Þegar sá hluti teigsins verður klár, verður lagt í að slétta fremri partinn. 7. teigurinn hafði sigið töluvert í gegnum árin. Skekkjan var slík að stór hluti teigsins var ónothæfur. Teigurinn var hækkaður upp í rétta hæð og stækkaður lítillega við göngustíginn. Við væntum þess að teigarnir verði teknir í notkun snemma næsta sumar.

Skýrsla Íþróttastarfs GM 2025

Kristófer Karl Karlsson | Sigurvegari Korpubikarsins 2025

Íþróttastarf Golfklúbbs Mosfellsbæjar hélt áfram að blómstra og skila frábærum árangri árið 2025. Milli ára var mikil fjölgun á golfæfingum í flokkum 12 ára og yngri og þurfti að skipta upp flokkum 10 ára og yngri í tvennt (8 ára og yngri og 9-10 ára). Þessari fjölgun hjá yngstu æfingahópunum má tengja við vel heppnuð golf- og leikjanámskeið barna í sumar og undanfarin ár. Tæplega 150 iðkendur sóttu golf- og leikjanámskeið hjá GM en haldin voru 5 námskeið. Alls voru 108 á biðlista fyrir námskeiðin í sumar sem ekki komust inn og aldrei hefur verið eins mikil eftirspurn og í sumar hjá yngstu kynslóðinni.

Þjálfarar í íþróttastarfinu voru Dagur Ebenezersson (Íþróttastjóri), Andri Ágústsson og Katrín Dögg Hilmarsdóttir. Þorsteinn Hallgrímsson kom einnig að afreksstarfinu þá aðallega hjá meistaraflokki og keppnishópum. Andri og Katrín Dögg útskrifuðust í vor úr PGA golfkennaraskólanum og eru þau nú fullgildir PGA golfkennarar. Nick Carlson sem aðstoðaði afreksstarfinu síðasta sumar lék sem atvinnukylfingur á Challenge mótaröðinni 2025. Hann lék stöðugt golf yfir tímabilið, náði 17 af 22 niðurskurðum og endaði í 39. sæti á mótaröðinni og leikur hann því með fullan keppnisrétt á næsta ári.

Alls unnust 4 Íslandsmeistaratitlar í sumar, Kristófer Karl sigraði Korpubikarinn á stigamótaröðinni og einnig voru þónokkrir sigrar á unglingamótaröðinni og Golf14.

Íslandsmeistaratitlar 2025

1. Íslandsmeistarar golfklúbba í flokki stúlkna U18
2. Íslandsmeistari í höggleik í flokki 12 ára og yngri stúlkna: Eiríka Malaika Stefánsdóttir
3. Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 12 ára og yngri stúlkna: Eiríka Malaika Stefánsdóttir
4. Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 17 - 18 ára stúlkna: Eva Kristinsdóttir

Stúlknasveit GM, Íslandsmeistarar golfklúbba í flokki 18 ára og yngri stúlkna

Íslandsmeistari í höggleik í flokki 12 ára og yngri stúlkna: Eiríka Malaika Stefánsdóttir

Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 12 ára og yngri stúlkna: Eiríka Malaika Stefánsdóttir

Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 17 - 18 ára stúlkna: Eva Kristinsdóttir

Verðlaunaafhending í meistaramóti barna og unglinga 2025

Meistaramót GM | Barna- og unglingaflokkar

Meistaramót barna og unglinga fór fram á tveimur vallarsvæðum 22.-24. júní. Iðkendur 12 ára og yngri léku á tveimur keppnisdögum í Bakkakoti en flokkar 13 ára og eldri léku á Hlíðavelli á þremur keppnisdögum við dásamlegt veður og frábærar aðstæður. Hjalti Kristján Hjaltason sló vallarmetið á gulum teigum á Hlíðavelli en hann lék á 63 höggum (-8). Alls lék Hjalti á -16 í mótinu (67-67-63).

★	1	-	Hjalti Kristján Hjaltason	Golfklúbbur Mosfellsbæjar	-16	F	-8	67	67	63	197											
			1	2	3	4	5	6	7	8	9	Út	10	11	12	13	14	15	16	17	18	Inn	Samt.
			R1	6	3	3	3	5	3	3	4	3	33	5	4	4	4	4	3	3	4	3	34	67
			R2	4	5	3	2	5	3	4	4	4	34	2	5	4	4	4	3	5	3	3	33	67
			R3	4	4	3	3	5	3	2	4	4	32	3	4	5	5	4	2	3	3	2	31	63
			HLÍÐAVÖLLUR																					
			Par	4	4	3	3	5	4	3	5	4	35	4	4	5	5	4	3	4	4	3	36	71
			ÚTFYLLT SKORKORT																			Deila skorkorti		

Úrslit í flokki 15-16 ára drengja:

1. Hjalti Kristján Hjaltason (-16)
2. Grétar Logi Gunnarsson Bender (+4)
3. Brynjar Ernir Gunnarsson (+51)

Úrslit í flokki 13-14 ára drengja:

1. Ásgeir Páll Baldursson (+14)
2. Emil Darri Birgisson (+38)
3. Aron Sölvi Kristinsson (+71)

Úrslit í flokki 11-12 ára drengja:

1. Brynjar Maack
2. Ýmir Annel Kristjánsson

Úrslit í flokki 11-12 ára stúlkna:

1. Eiríka Malaika Stefánsdóttir
2. Rakel Þyrí Kristmannsdóttir
3. Elva Rún Rafnsdóttir

Úrslit í flokki 10 ára og yngri drengja:

1. Daníel Tristan Sigurlínarson
2. Róbert Elí Daðason
3. Breki Bjarkason

Úrslit í flokki 10 ára og yngri stúlkna:

1. Edda María Hjaltadóttir
2. Áróra Hildigunnardóttir
3. Emilíana Eir Gimenez

Meistaramót GM

Meistaramót GM fór fram 28. júní - 5. júlí og voru frábærar aðstæður bæði í Bakkakoti og á Hlíðavelli. Klúbbmeistarar GM urðu þau Kristófer Karl Karlsson og Berglind Erla Baldursdóttir. Þetta var í annað sinn sem Kristófer Karl sigrar síðast árið 2022 en hjá Berglindi var þetta hennar annar sigur í röð í meistaraflokki.

Kristófer Karl lék alla fjóra hringina undir 70 höggum og endaði á 9 höggum undir pari samtals, 3 höggum á undan Eyþóri Hrafnari sem endaði í öðru sæti. Berglind lék best á lokadeginum þegar hún lék á 70 höggum og endaði á samtals 10 höggum yfir pari, tveimur höggum á undan Kristínu Sól og Söru Kristinsdóttur sem enduðu í öðru sæti.

Kristófer Karl Karlsson og Berglind Erla Baldursdóttir | Klúbbmeistarar GM 2025

65+

Konur - höggleikur án forgjafar.

1. sæti - Dagný Þórólfsdóttir - 274 högg.
2. sæti - Stefanía Eiríksdóttir - 283 högg.
3. sæti - Guðrún Á Jónsdóttir - 287 högg.

Konur - höggleikur með forgjöf.

1. sæti - Hafdís Jóna Karlsdóttir - 214 högg.
2. sæti - Þuríður E Pétursdóttir - 217 högg.
3. sæti - Gunnhildur Magnúsdóttir - 218 högg.

Karlar - höggleikur án forgjafar.

1. sæti - Guðjón Þorvaldsson - 228 högg.
2. sæti - Kári Tryggvason - 230 högg.
3. sæti - Hilmar Harðarson - 237 högg.

Karlar - höggleikur með forgjöf.

1. sæti - Sigurhans Karlsson - 218 högg.
2. sæti - Baldvin Elíasson - 218 högg.
3. sæti - Svanberg Guðmundsson - 218 högg.

50+

Konur - höggeikur án forgjafar.

1. sæti - Rut Marsibil Héðinsdóttir 378 högg.

Konur - höggleikur með forgjöf.

1. sæti - Arna Guðmundsdóttir 323 högg.

Karlar - höggleikur án forgjafar.

1. sæti - Arnar Sigurbjörnsson 285 högg.
2. sæti - Rafn Jóhannesson 310 högg.
3. sæti - Siggeir Kolbeinsson 313 högg.

Karlar - höggleikur með forgjöf.

1. sæti - Magnús Ingi Kristmannsson 295 högg.
2. sæti - Guðlaugur Pálsson 297 högg.
3. sæti - Jónas Yamak 298 högg.

Bakkakot

5. flokkur kvenna.

1. sæti - Lilja Margrét Bergmann 318 högg.
2. sæti - Margrét Matthíasdóttir 329 högg.
3. sæti - Helen Símonardóttir 331 högg.

4. flokkur kvenna.

1. sæti - Björk Snæland Jóhannsdóttir 284 högg.
2. sæti - Jakobína Kristín Arnljótsdóttir 291 högg.
3. sæti - Ólöf Sigurgeirsdóttir 305 högg.

5. flokkur karla.

1. sæti - Jóhann Gunnar Þórarinsson 278 högg.
2. sæti - Ragnar Hrafnsson 282 högg.
3. sæti - Arnaldur Freyr Birgisson 291 högg.

Hlíðavöllur

4. flokkur karla.

1. sæti - Orri Steinn Eyþórsson 367 högg.
2. sæti - Eyþór Ingólfsson 372 högg.
3. sæti - Stefán Þór Steindórsson 377 högg.

3. flokkur kvenna.

1. sæti - Águsta Sigurðardóttir 395 högg.
2. sæti - Anna Elísabet Sæmundsdóttir 400 högg.
3. sæti - Rakel Ýr Guðmundsdóttir 407 högg.

3. flokkur karla.

1. sæti - Ernir Daði Fjölvarsson 343 högg.
2. sæti - Stefán Óli Þorleifsson 346 högg.
3. sæti - Hákon Svanur Þórsson 347 högg.

2. flokkur karla.

1. sæti - Heiðar Númi Hrafnsson 322 högg.
2. sæti - Árni Friðriksson 325 högg.
3. sæti - Wentzel Steinar Kamban 326 högg.

2. flokkur kvenna.

1. sæti - Agnes Ingadóttir 359 högg.
2. sæti – Hanna Þrúður Ólafsdóttir 365 högg.
3. sæti – Vala Rún Björnsdóttir 372 högg.

1. flokkur karla.

1. sæti - Steinar Ægisson 289 högg.
2. sæti - Ragnar Þórhallsson 310 högg.
3. sæti - Hilmir Ægisson 313 högg.

1. flokkur kvenna.

1. sæti - Harpa Sigurbjörnsdóttir 358 högg.
2. sæti - Arna Kristín Hilmarsdóttir 368 högg.
3. sæti - Andrea Jónsdóttir 370 högg.

Meistaraflokkur karla.

1. sæti - Kristófer Karl Karlsson 275 högg.
2. sæti - Eyþór Hrafnar Ketilsson 278 högg.
3. sæti - Ragnar Már Ríkharðsson 281 högg.

Meistaraflokkur kvenna.

1. sæti - Berglind Erla Baldursdóttir 294 högg.
2. sæti - Sara Kristinsdóttir 296 högg.
3. sæti - Kristín Sól Guðmundsdóttir 296 högg.

Verðlaunahafar í Meistaramóti GM 2025

Golf Sixes

Fyrsta mars á þessu ári fór fram frumraun Golfsixes hér á landi og var það haldið sem innanfélagsmót á neðri hæð Kletts í golfhermaaðstöðu okkar. Golfsixes er golfmót fyrir byrjendur og þá sem eru að hefja keppnisferilinn sinn og er það á vegum R&A.

29 kylfingar á aldrinum 5-12 ára mættu og léku í 6 mismunandi liðum og fengu derhúfu í lit liðs síns. Í hverju liði voru 4-6 leikmenn og kepptu þeir um flögg í texas-scramble leikfyrirkomulagi líkt og í Íslandsmóti golfklúbba 12 ára og yngri. Kylfingar fengu brúsa, íþróttatösku og pokamerkis merkt Golfsixes.

Fimm afrekskylfingar hjálpuðu til við viðburðinn og að keppni lokinni var verðlaunaafhending og pizzuveisla.

GOLF14 | 14 ára og yngri

Síðasta sumar tóku við breytingar á mótaröðum yngstu kylfinga en yfirnafn mótaraðarinnar og viðburðanna er Golf14. Mótaröðin er fyrir þau börn og unglinga sem eru að stíga sín fyrstu skref í golfi en jafnframt fyrir þau sem hafa meiri reynslu og þau sem keppa um Íslandsmeistaratitla í höggleik og holukeppni. Mikið er lagt upp úr því að fylgja okkar yngstu kylfingum vel eftir á fyrstu skrefum þeirra í keppnisgolfi og skipuleggja þjálfarar æfingahringi og fylgja iðkendum eftir á keppnisdögum.

Í sumar voru 6 mót haldin á Golf14 ásamt tveggja daga golfhátíð á Akranesi í júní. Golf14 mót var haldið í Sandgerði í maí, Nettó mótið í GKG í júní, Bakkakotsbikarinn í Bakkakoti í júlí, Íslandsmótið í höggleik á Selfossi og íslandsmótið í holukeppni á Hlíðavelli í ágúst og lokamótið í GR á Korpu.

Kylfingarnir okkar stóðu sig frábærlega í mótunum og voru bæði sér og GM til mikillar fyrirmyndar.

Framtíðin hjá yngstu kylfingum klúbbsins lítur einstaklega vel út!

Árangur GM kylfinga í Golf14 mótum ársins (T3):

Golf14 mót (1) | GSG

12 ára og yngri kvk

3. Edda María Hjaltadóttir

13-14 ára kvk

2. Eiríka Malaika Stefánsdóttir

Golf14 mót (2) Nettó mótið | GKG

10 ára og yngri kvk

1. Edda María Hjaltadóttir

10 ára og yngri kk

3. Daníel Tristan Sigurlínarson

13-14 ára kvk

1. Eiríka Malaika Stefánsdóttir

13-14 ára kk

3. Emil Darri Birgisson

Golf14 (3) Bakkakotsbikarinn | GM Bakkakot

10-12 ára og yngri kk

2. Daníel Tristan Sigurlínarson

10-12 ára og yngri kvk

1. Elva Rún Rafnsdóttir

3. Edda María Hjaltadóttir

13-14 ára kk

2. Emil Darri Birgisson

2. Ásgeir Páll Baldursson

Golf14 (4) Íslandsmótið í höggleik | GOS

12 ára og yngri kvk

1. Eiríka Malaika Stefánsdóttir

Golf14 (5) Íslandsmótið í holukeppni | GM Hlíðavöllur

12 ára og yngri kvk

1. Eiríka Malaika Stefánsdóttir

2. Elva Rún Rafnsdóttir

13-14 ára kk

3. Emil Darri Birgisson

Golf14 (6) N1 mótið | GR Korpa

12 ára og yngri kvk

2. Elva Rún Rafnsdóttir

13-14 ára kk

1. Emil Darri Birgisson (e. bráðabana)

1. Ásgeir Páll Baldursson

Unglingamótaröð GSÍ | 15-18 ára

Breytingar voru einnig gerðar á unglingamótaröð GSÍ síðasta sumar en einungis var mótaröðin fyrir keppendur á aldrinum 15-18 ára. Keppt var í 15-16 ára flokki og 17-18 ára flokki en einnig í heildarflokki 15-18 ára og gildu úrslitin í þeim flokk á heimslista áhugamanna (WAGR). Alls fóru fram sjö mót og stóðu okkar kylfingar sig afar vel. Í heild unnust sigrar á 5 mótum og fjölmargir kylfingar frá GM náðu verðlaunasætum.

Árangur GM kylfinga í unglingamótum ársins (T3):

Unglingamótaröðin (1) | Golfklúbburinn Leynir

17-18 ára kvk

1. Auður Bergrún Snorradóttir
3. Pamela Ósk Hjaltadóttir

Unglingamótaröðin (2) | Golfklúbburinn Leynir

15-16 ára kk

2. Hjalti Kristján Hjaltason

17-18 ára kk

3. Kristján Karl Guðjónsson

Unglingamótaröðin (3) Nettó mótið | GKG - Leirdalur

15-16 ára kk

1. Hjalti Kristján Hjaltason

17-18 ára kvk

1. Pamela Ósk Hjaltadóttir

Unglingamótaröðin (4) Nettó mótið | GF

15-16 ára kk

3. Hjalti Kristján Hjaltason

17-18 ára kvk

2. Pamela Ósk Hjaltadóttir

17-18 ára kk

3. Kristján Karl Guðjónsson

Unglingamótaröðin (5) Íslandsmótið í höggleik | GÞ

17-18 ára kvk

2. Pamela Ósk Hjaltadóttir
3. Auður Bergrún Snorradóttir

Unglingamótaröðin (6) Íslandsmótið í holukeppni | GM

15-16 ára kk

2. Hjalti Kristján Hjaltason

17-18 ára kvk

1. Eva Kristinsdóttir
3. Pamela Ósk Hjaltadóttir

17-18 ára kvk

3. Kristján Karl Guðjónsson

Unglingamótaröðin (7) N1 mótið | GR Korpa

15-16 ára kvk

3. Sara María Guðmundsdóttir

15-16 ára kk

3. Hjalti Kristján Hjaltason

17-18 ára kvk

1. Eva Kristinsdóttir
2. Pamela Ósk Hjaltadóttir

17-18 ára kvk

2. Kristján Karl Guðjónsson

Stigamótaröð GSÍ

Alls voru 6 mót sem fram fóru á stigamótaröð GSÍ í sumar. Fyrstu tvö mótin voru vormót líkt og í fyrra og gildu þau inn á lista með minna vægi. Vormótin voru leikin á Hlíðavelli og Golfklúbbi Þorlákshafnar, því næst var Hvaleyrarbikarinn. Íslandsmótið í holukeppni var leikið á Hlíðavelli í báðum kynjaflokkum, Korpubikarinn tók við og lokamótið var Íslandsmótið í höggleik í Keili.

Okkar kylfingar náðu góðum árangri í mótum ársins en hápunktur sumarsins var þegar Kristófer Karl Karlsson sigraði Korpubikarinn með mótsmeti á 17 höggum undir pari. Kristján Þór Einarsson var í toppbaráttunni á lokadegi Íslandsmótsins á Hvaleyrarvelli en endaði í 5. sæti. Berglind Erla Baldursdóttir vann fyrsta vormótið á Hlíðavelli.

Pamela Ósk Hjaltadóttir endaði í 3. sæti á stigalista kvenna, Berglind Erla Baldursdóttir í sjöunda sæti og Auður Bergrún Snorradóttir í áttunda sæti listans.

Árangur GM kylfinga í GSÍ mótum ársins (T10):

Vormót GSÍ (1) | GM Hlíðavelli

1. Berglind Erla Baldursdóttir
2. Sara Kristinsdóttir
4. Heiða Rakel Rafnsdóttir
7. Hekla Ingunn Daðadóttir
9. Erla Marý Sigurpálsdóttir

Vormót GSÍ (2) | GÞ

4. Erla Marý Sigurpálsdóttir

Hvaleyrarbikarinn (3) | GK Hvaleyri

3. Eva Kristinsdóttir
5. Berglind Erla Baldursdóttir
7. Sara Kristinsdóttir
8. Auður Bergrún Snorradóttir

Íslandsmótið í holukeppni | GM Hlíðavelli

2. Pamela Ósk Hjaltadóttir
5. Eva Kristinsdóttir
5. Auður Bergrún Snorradóttir
9. Berglind Erla Baldursdóttir
9. Sara Kristinsdóttir

5. Kristján Þór Einarsson

Korpubikarinn | GR Korpa

3. Auður Bergrún Snorradóttir

1. Kristófer Karl Karlsson

Íslandsmótið í höggleik | GK Hvaleyri

6. Pamela Ósk Hjaltadóttir
9. Heiða Rakel Rafnsdóttir

5. Kristján Þór Einarsson

LEK | 50 ára og eldri

LEK eru samtök kylfinga sem eru 50 ára og eldri. Tilgangur samtakanna er að efla samstarf og félagsskap eldri kylfinga, standa fyrir mótaröð eldri kylfinga og taka þátt í alþjóðastarfi kylfinga innan ESGA. Alls voru leikin 8 mót á LEK í sumar með Íslandsmótinu í höggleik meðtöldu.

Kylfingar GM léku 64 hringi á LEK í sumar og má segja að áhugi eldri kylfinga í klúbbnum á mótaröðinni hafi aukist verulega. Meiri keppni er nú um að leika fyrir keppnissveitir GM og eru LEK mótin ásamt 50+ umspilsmótum, VITAmótaröð GM og Meistaramót GM úrtökumót fyrir okkar sveitir.

Íslandsmót 50+ í höggleik 2025

Íslandsmóti eldri kylfinga fór fram 17 - 19. júlí á Strandarvelli hjá Golfklúbbi Hellu í sumar.

Keppt var í tveimur aldursflokkum hjá báðum kynjum, 50 ára og eldri, og 65 ára og eldri. Alls voru fjórir kylfingar í mótinu frá Golfklúbbi Mosfellsbæjar.

Írunn Ketilsdóttir úr GM lék frábært golf og endaði í 3. sæti í flokki 50 ára og eldri kvenna en hún lék á 80-85-79 höggum. Mikil spenna var upp á þriðja sætið en hún endaði höggi á undan Elsu Nielsen eftir frábæran örn á 17 holu á lokahringnum.

Kári Tryggvason endaði í 6. sæti í flokki 65 ára og eldri karla en hann lék hringina á 79-83-81 höggi eða 33 höggum yfir pari.

Íslandsmót golfklúbba

Meistaraflokkar

Íslandsmót golfklúbba fór fram dagana 24. - 26. júlí en karlarnir léku á Leirdalsvelli en konurnar á Jaðarsvelli á Akureyri. GM átti lið í efstu deild í bæði karla og kvennaflokki en liðin skipuðu eftirfarandi kylfingar:

Konur
Auður Bergrún Snorradóttir
Berglind Erla Baldursdóttir
Birna Rut Snorradóttir
Eva Kristinsdóttir
Heiða Rakel Rafnsdóttir
Katrín Sól Davíðsdóttir
María Eir Guðjónsdóttir
Sara Kristinsdóttir

Liðsstjóri: Ásdís Eva Bjarnadóttir
Þjálfari: Dagur Ebenezersson

Golfklúbbur Mosfellsbæjar enduðu í 3. sæti eftir að hafa sigrað mótið síðustu 3 ár. Í undanúrslitum mætti keppnissveit GM sveit GR þar sem mótherjarnir höfðu betur. Lið GM mættu heimamönnum í GA í leik upp á þriðja sætið sem endaði með 4-1 sigri GM.

Kvennasveit GM 2025 | 3. sæti

Karlar

Andri Már Guðmundsson
Arnór Daði Rafnsson
Aron Skúli Ingason
Björn Óskar Guðjónsson
Ingi Þór Ólafson
Kristján Þór Einarsson
Kristófer Karl Karlsson
Sverrir Haraldsson

Liðsstjóri: Þorsteinn Hallgrímsson
Þjálfari: Andri Ágústsson

Karlasveit GM var í mjög góðri stöðu til að komast í undanúrslit en í þriðja leik í riðlakeppninni munaði einungis hálfum vinningi að sveitin kæmist í efri hluta. Okkar menn léku vel og unnu báða leikina í neðri hluta og var því lokaniðurstaða mótsins 5. sæti.

Karlasveit GM 2025 | 5. sæti

Unglingaflokkar

Íslandsmót golfklúbba í unglingaflokkum er eitt skemmtilegasta mót ársins. Mikil samheldni myndast í þessu móti og er afar gaman að fylgjast með okkar liðum. Íslandsmót golfklúbba fór fram í 3 flokkum á 2 mismunandi völlum: Flokkar U18 og U16 léku á Hellu á en U14 léku í Sandgerði.

Í flokki 18 ára og yngri stúlkna fögnuðu okkar stelpur sigri eftir spennandi úrslitaleik á móti GKG. 18 ára og yngri drengir voru í 4. sæti í sínum flokki. Höggleikurinn hjá 15 - 16 ára drengjasveitinni skilaði þeim í c-riðli en þeir unnu riðilinn og enduðu því í 7. sæti. Drengjasveit og stúlknasveit 14 ára og yngri enduðu báðar í 3. sæti í sínum flokki.

Stúlknasveit GM U18 | Íslandsmeistarar golfklúbba 2025

Frá vinstri: Andri Ágústsson (þjálfari), Birna Rut Snorradóttir, Auður Bergrún Snorradóttir, Eva Kristinsdóttir, Sara María Guðmundsdóttir, Gabríella Neema Stefánsdóttir & Dagur Ebenezersson (þjálfari).

Stúlknasveit GM U14 | 3. sæti í Íslandsmóti golfklúbba 2025

Drengjasveit GM U14 | 3. sæti í Íslandsmóti golfklúbba 2025

12 ára og yngri

Íslandsmót golfklúbba 2025 fyrir kylfinga 12 ára og yngri fór fram dagana 19.-21. júní á völlum GR, GM og GKG. Leikið er eftir PGA Junior League fyrirmyndinni, sem kallast PGA krakkagolf á Íslandi.

Leiknar eru 9 holur í hverri umferð með Texas Scramble höggleiks fyrirkomulagi, sem skiptast upp í þrjá þriggja holu leiki. Hver þriggja holu leikur gefur eitt flagg.

Mikil gleði var á meðal keppenda mótsins, sem léku á Landinu(Korpu), Bakkakoti og í Mýrinni.Markmið mótsins er að skapa liðsheild og stemmingu á meðal þátttakenda og var gaman að fylgjast með liðsheildinni og samheldninni hjá okkar ungu iðkendum.

Öldungaflokkar

Konur 50 ára og eldri

Kvennasveit GM 50 ára og eldri | 1. sæti á Íslandsmóti golfklúbba í 2. deild 2025

Lið GM skipuðu:

Agnes Ingadóttir
Arna Kristín Hilmarsdóttir
Harpa Iðunn Sigmundsóttir
Hulda B Kjærnested Baldursdóttir
Írunn Ketilsdóttir
Rut Marsibil Héðinsdóttir
Liðsstjórar: Auður Þórisdóttir og Rannveig Rúnarsdóttir
Íslandsmót golfklúbba 50+ fór fram 21.-23. ágúst og léku konurnar á Hólmsvelli í Leiru og karlarnir á Vestmannaeyjavelli.

Kvennasveit 50+ gerði sér lítið fyrir og unnu deildina og leika þær því í fyrstu deild að ári. Má segja að þetta hafi verið mjög sannfærandi sigur en þær voru efstar í höggleiknum sem röðuðu í riðla og unnu svo alla leikina 3-0 nema úrslitaleikinn við GA en hann fór 2-1 fyrir GM.

Karlar 50 ára og eldri

Karlasveitin stóð sig mjög vel en þeir enduðu í 2. sæti. Úrslitaleikurinn var við Golfklúbb Fjallarbyggðar en þeir höfðu betur 3.5 - 1.5.

Lið GM skipuðu:

Arnar Sigurbjörnsson
Jónas Heiðar Baldursson
Siggeir Kolbeinsson
Rafn Jóhannesson
Róbert Björnsson
Pétur Valgarðsson
Victor Rafn Viktorsson
Þorsteinn Hallgrímsson
Kári Tryggvason (liðsstjóri og varamaður)

Karlasveit GM 50 ára og eldri | 2. sæti á Íslandsmóti golfklúbba í 2. deild 2025

65 ára og eldri

Sveitakeppni LEK 65 ára og eldri fór fram 12.-13. ágúst og léku konurnar í Grindavík en karlarnir í Öndverðarnesi. Mikið rigndi á fyrsta keppnisdegi sem gerði kylfingum erfitt fyrir en á degi tvö voru góðar aðstæður fyrir golf. Kvennasveit GM endaði í 7. sæti en karlasveitin í 8. sæti.

Kvennasveit GM 65+ 2025

Karlasveit GM 65+ 2025

Global Junior

Icelandic Junior Midnight Challenge

Icelandic Junior Midnight Challenge mótið á Global Junior mótaröðinni fór fram á Hlíðavelli fjórða árið í röð. Mótið er hluti af Global Junior Golf sem hefur farið fram víðs vegar um Evrópu undanfarin ár. Það voru rúmlega 40 keppendur sem mættu til leiks og átti GM marga flotta fulltrúa.

Sara María Guðmundsdóttir í GM sigraði í stúlknaflokki undir 18 ára og yngri og Kristján Karl Guðjónsson var efstur GM-inga drengjamegin í flokki 18 ára og yngri jafn í 7. sæti.

Ásgeir Páll Baldursson varð í þriðja sæti í flokki stráka 14 ára og yngri.



Sara María Guðmundsdóttir

Ásgeir Páll Baldursson

Unglingaeinvígið

Hið árlega Titleist Unglingaeinvígi fór fram á Hlíðavelli í dag 19. september og var þetta tuttugasta og fyrsta skipti sem mótið fer fram. Þrjátíu af fremstu afrekskylfingum Íslands á aldrinum 13-18 ára tóku þátt.

Leikin var 10 manna forkeppni í þremur aldursflokkum með shootout fyrirkomulagi þar sem sá kylfingur með hæsta skorið fellur úr keppni á hverri holu. Þrír keppendur úr hverjum aldursflokki kemst í lokaeinvígið ásamt sigurvegaranum í fyrra sem í þetta skiptið var Björn Breki Halldórsson.

Í úrslitum voru 6 kylfingar úr GKG, 3 kylfingar úr GM og 1 úr GS.

Heimamaðurinn Hjalti Kristján Hjaltason stóð uppi sem sigurvegari eftir spennandi keppni en hann setti í frábæran fugl á lokaholunni fyrir utan flötina. Þetta er í annað sinn sem Hjalti vinnur mótið en hann sigraði einnig árið 2021.

Heildarúrslit mótsins:

10. sæti - Emil Máni Lúðvíksson, GKG
9. sæti - Eiríka Malaika Stefánsdóttir, GM
8. sæti - Emil Darri Birgisson, GM
7. sæti - Gunnar Þór Heimisson, GKG
6. sæti - Embla Hrönn Hallsdóttir, GKG
5. sæti - Elísabet Ólafsdóttir, GKG
4. sæti - Eva Fanney Matthíasdóttir, GKG
3. sæti - Fjóla Margrét Viðarsdóttir, GS
2. sæti - Björn Breki Halldórsson, GKG
1. sæti - Hjalti Kristján Hjaltason, GM

Landsliðsmál

Á haustmánuðum var nú valið landsliðshópur GSÍ fyrir keppnisárið 2026. GM á 5 kylfinga af alls 27 kylfingum sem eru í landsliðshóp GSÍ. Töluverðar breytingar voru á hópnum en aðeins 6 kylfingar í hópnum eldri en 18 ára.

Landsliðshópurinn á La Finca golfvellinum á Spáni í æfingaferð í janúar 2025

Eftirfarandi kylfingar frá GM eru í landsliðshóp GSÍ fyrir árið 2026:

Karlalandslið
Hjalti Kristján Hjaltason
Kristján Karl Guðjónsson

Kvennalandslið
Eva Kristinsdóttir
Pamela Ósk Hjaltadóttir
Sara María Guðmundsdóttir

Evrópumót liða 2025

Íslensku liðin í æfingabúðum fyrir EM

Alls léku 4 kylfingar GM á Evrópumótum landsliða 8. - 12. júlí 2025. Eva Kristinsdóttir lék fyrir kvennalandsliðið í Frakklandi, Auður Bergrún Snorradóttir og Pamela Ósk Hjaltadóttir léku fyrir stúlknalandsliðið í Englandi og Hjalti Kristján Hjaltason lék fyrir piltalandsliðið í Ungverjalandi.

Kvennalandsliðið endaði í 13. sæti í mótinu, stúlknalandsliðið endaði í 16. sæti eftir sigur í c-riðli og piltalandsliðið endaði í 3. sæti og leika því í 1. deild að ári.

Heimsmeistaramót landsliða 2025

Stúlknalandslið íslands á HM í þriðja sinn

Keppnisfyrirkomulagið er höggleikur þar sem leiknar voru 72 holur, 18 holur á dag. Tvö bestu skorin í hverri umferð töldu í liðakeppninni en einnig er keppt í einstaklingskeppni. Andri Ágústsson golfkennari hjá GM var liðsstjóri og þjálfari á vegum GSÍ.

Eva Kristinsdóttir lék best íslensku stúlknanna. Hún lék hringi sína á 74-73-75-72 höggum, sex yfir pari, og endaði jöfn í 28. sæti mótsins. Pamela Ósk endaði í 53. sæti á 21 höggi yfir pari. Hún lék sína hringi á 77-80-75-77 höggum.

Þegar mótið var hálfnað sat Ísland í 19. sæti, á fjórtán höggum yfir pari. Seinni tveir hringirnir reyndust bestu hringir liðsins í mótinu og fóru þær upp í 16. sætið með árangrinum á 25 höggum yfir pari.

Annika Invitational

Eva Kristinsdóttir og Auður Bergrún Snorradóttir léku í sterku boðsmóti á vegum Annika Sörenstam, Annika Invitational. Leiknar voru 54 holur á Bokskogens vellinum í Svíðþjóð, sem er einkar glæsilegt svæði í suðurhluta landsins.

Eva lék alla hringi sína á 74 höggum, tveimur yfir pari. Hún lauk því leik á sex yfir pari í heildina og jöfn í 19. sæti mótsins.

Auður endaði jöfn í 59. sæti mótsins á tuttugu höggum yfir pari. Hún lék hringi sína á 76-82-78. Auður lék par 3 holur vallarins einkar vel, var tvo yfir pari á þeim holum í mótinu og fékk þrjá fugla.

Girls Amateur

Eva Kristinsdóttir og Auður Bergrún Snorradóttir kepptu á the Girls Amateur Championship sem er eitt sterkasta áhugamannamót fyrir kylfinga undir 18 ára. Mótið fór fram í Conwy í Wales í vikunni.

Leikinn var 36 holu höggleikur og svo 64 manna holukeppnis útsláttarkeppni.

Eftir höggleikinn var Eva jöfn í 49. sæti en hún lék hringina á +5 (76-75). Í fyrsta leik lenti hún á móti hinni spænsku Blanca Gómez-Balboa en tapaði 1/0 í hörku leik þar sem hún lék á þremur undir pari. Leikurinn var mjög spennandi en hin spænska endaði á þremur fuglum í röð til að klára leikinn.

Auður náði sér ekki á strik í höggleiknum og datt út úr keppni en hún lék á +19 (86-79).

English Girls Open

Pamela Ósk Hjaltadóttir lék á English Girls Open 22.-24. júlí en mótið fór fram á Sherwood Forest vellinum. Leiknar voru 72 holur á 3 keppnisdögum en leiknar voru 36 holur á lokadeginum fyrir þá sem ná niðurskurðinum.

Pamela lék frábært golf og endaði á -5 (72-71-68-76) samtals og jöfn í 10. sæti.

Frábær árangur hjá Pamelu í einu sterkasta stúlknamóti í Evrópu.

Boys English Open / McGregor Trophy

Hjalti Kristján Hjaltason lék frábært golf á English Open mótinu en 144 komust inn í mótið og 42 náðu niðurskurði eftir 36 holur.

Mótið fór fram á Radcliffe on Trent golf club í Englandi en er fyrir kylfinga 16 ára og yngri.

Hjalti lék hringina fjóra á 2 höggum yfir pari eða 74-68-69-71 höggum.

Evrópumót golfklúbba 50+

Írunn Ketilsdóttir keppti fyrir hönd Íslands á European Senior Ladies Team Championship sem fram fór á Pula golfvellinum í Mallorca á Spáni. Írunn lék vel í höggleiknum og var næst best íslensku landsliðskylfinganna á +28 (85-87).

Eftir það voru leiknir 3 holukeppnisleikir í B-riðli við Skotland, Noreg og Portúgal sem töpuðust allir. Þrátt fyrir það endaði lið Íslands í 16. sæti og leika þær í A deild að ári.

Mótið er frábær reynsla fyrir Írunni sem hefur verið öflug á LEK í sumar og flottur fulltrúi GM fyrir hönd Íslands.

Nick á Challenge Tour

Nick Carlson hefur undanfarin ár leikið fyrir Golfklúbb Mosfellsbæjar og í síðasta sumar starfað sem golfkennari í hlutastarfi. Síðasta haust fór Nick í úrtökumót fyrir DP World Tour mótaröðina og fékk fullan þátttökurétt á Challenge mótaröðinni og lék í sumar á sínu fyrsta heila tímabili á mótaröðinni.

Stöðug spilamennska yfir árið kom honum í lokamótið þar sem efstu 50 á stigalista fengu þátttökurétt. Hann endaði í 31. sæti í mótinu á 1 höggi yfir pari sem skilað honum í 39. sæti á stigalistanum, 9 sætum frá korti á DP World Tour (Evrópumótaröðinni). Nick heldur því category 8 þátttökurétt fyrir 2026 sem ætti að koma honum í öll mótin á HotelPlanner mótaröðinni.

Tímabilið í tölum

Mót samtals: 22
Topp-10: 3
Besti árangur: Jafn í 5. sæti (tvisvar)
Meðalhöggaskor: 70,17
Fjöldi niðurskurða náð: 17 / 77%
Sæti á stigalista: 39
Heildartekjur tímabils: €74,984

Nick lék á 58 höggum á Lo Romero golfvellinum í landsliðsæfingaferð í janúar

Háskólamál

Alls stunda 5 kylfingar GM háskólagolf á skólastyrk í Bandaríkjunum og 3 aðrir hafa skrifað undir samning við háskóla fyrir haust 2026.

María Eir Guðjónsdóttir er á þriðja árinu sínu í Jacksonville University í Flórída.

Sara Kristinsdóttir er á sínu öðru ári í háskólagolfi en hún skipti úr Troy University í Alabama í Catawba College eftir fyrstu önnina sína og gengur vel á nýjum stað.

Berglind Erla Baldursdóttir skipti um skóla eftir fyrsta árið í Fresno State University í Kaliforníu en nú leikur hún fyrir Keiser University í Flórída.

Heiða Rakel Rafnsdóttir hóf nám hjá Grand Valley University í Michigan núna í haust.

Ásdís Eva Bjarnadóttir er á fyrsta ári en hún keppir fyrir Newman háskólann í Kansas.

Afrekskylfingarnir Auður Bergrún Snorradóttir, Birna Rut Snorradóttir og Eva Kristinsdóttir hafa skrifað undir samning við háskóla í Bandaríkjunum og munu hefja nám næstkomandi haust.

Eva Kristinsdóttir - University of Iowa

Auður Bergrún Snorradóttir - Florida International University

Birna Rut Snorradóttir - Western Illinois University

Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Æðarhöfða 36 - 270 Mosfellsbær
566 6999
golfmos@golfmos.is
golfmos.is